

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/723 2022/EES/72/36**frá 26. febrúar 2021**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar að koma á fót opinberri skrá yfir aðila sem hvert aðildarríki tilnefnir til að hafa eftirlit með þroskunarferli brenndra drykkja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 6. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er þess krafist að allar aðferðir til að láta brennda drykki þroskast fari fram undir eftirliti skattayfirvalda aðildarríkis eða undir eftirliti sem veitir jafngilda ábyrgð.
- 2) Í því skyni skal hvert aðildarríki tilnefna aðila sem bera ábyrgð á eftirliti með slíkum þroskunarferlum og upplýsa framkvæmdastjórnina um það til þess að hún geti komið á fót opinberri skrá yfir þessa tilnefndu aðila.
- 3) Í þessu skyni þykir rétt að fastsetja reglur er varða að koma á fót þessari opinberu skrá.
- 4) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 25. maí 2021 í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Opinber skrá yfir aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja**

1. Á grundvelli tilkynninga frá aðildarríkjum í samræmi við 1. mgr. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/724 ⁽²⁾ skal framkvæmdastjórnin taka saman og uppfæra skrá yfir aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum brenndra drykkja.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/724 frá 3. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar samskipti aðildarríkja við framkvæmdastjórnina með tilliti til aðila sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferli brenndra drykkja og lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að farið sé að ákvæðum þeirrar reglugerðar (Stjtíð. ESB L 155, 5.5.2021, bls. 3).

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót opinberri skrá sem inniheldur uppfærða skrá yfir aðilana sem eru tilnefndir til að hafa eftirlit með þroskunarferlum. Skráin skal vera í formi rafræns gagnasafns sem almenningur hefur aðgang að.

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
